

31/lo. 1944.

Félag löggiltira endurskoðanda leyfir sér hér með að fara þess á leit við Laga- og Hagfræðideild Háskóla Íslands, að deildin taki að sér kenslu og undirbúning, að því er snertir bóklegt nám, beirra starfsmanna, sem vinna hjá löggiltum endurskoðendum og búa sig undir prof til löggildingar, sem talinn yrði nægur til að fullnagja ákvæðum reglugerðar nr. 18. 27/3. 1929 um endurskoðunarprof, enda er þa gert ráð fyrir, að reglugerðinni fengist breytt þannig, að beir, sem því profi lyku frá deildinni, yrðu undanbegnir bóklegu prófi hjá prófnefnd samkvæmt 5. gr. nefndrar reglugerðar.

Ástæðan fyrir því, að félag vort fer fram á að deildin taki að sér þessa kenslu, er su, að enginn skóli er í landinu, sem kennir sérstaklega bað, sem útheimtist til prófsins, og eiga því endurskoðunarnemendur oft og einatt mjög erfitt með að afla sér beirrar mentunar, sem krafist er, en hinsvegar augljóst, að auðvelt hlýtur að vera fyrir deildina, að veita hafilega kenslu síðan við lagadeildina var knýtt viðskiftadeild.

Að sjálfsögðu mundi félag vort tryggja með yfirlýsingu formanns félagsins þar að lútandi, að eigi kemur að þessu námi frá félagini, aðrir en beir, sem hjá félagsmönnum ynnu samtímis að endurskoðunarstaarfinu.

Væntir félagið eindregið að deildin sjái sér fært að verða við þessari mjög svæðu næðsynlegu beiðni þess.

Virðingarfyllist

FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

Til Laga- og Hagfræðideildar Háskóla Íslands,

Reykjavík.

FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

REYKJAVÍK, 4/9 1947.

Með tilvísun til bréfs vors til yðar dags. 31. okt. 1944, þar sem þess er óskað að laga og hagfræðideild Háskóla Íslands taki að sér kennslu og undirbúning að því er snertir bóklegt nám, þeirra starfsmanna, sem vinna hjá löggiltum endurskoðendum og búa sig undir próf til löggildingar, sem talinn yrði nægur til að fullnægja ákvörðu reglugerðar nr. 18. 27/3 1929 um endurskoðunarpróf, leyfum vér oss hér með að ítreka þessa beiðni vora og óskum þess að námskeiðið geti hafist nú þegar. Jafnframt tekur félagið fram að það fyrir sitt leyti samþykki reglur um tilhögun kennslunnar o.fl., sem forseti laga og hagfræðideildar Háskólans Gylfi P. Gíslason hefur sýnt oss í dag.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

(formaður)

Til

Laga- og hagfræðideildar Háskóla Íslands

Reykjavík.

4/9 1947

REGLUR UM NÁMSKEID VIÐ LAGA-OG HAGFREÐIDEILD
HÁSKÓLA ÍSLANDS FYRIR NEMENDUR Í ENDURSKODUN.

1. gr. Námskeiðið er haldið að tilhlutun Félags löggilttra endurskoðenda og í samráði við prófnefnd við endurskoðendapróf, sbr. reglugerð nr. 18, 27. mars 1929, og ber Félag löggilttra endurskoðenda ábyrgð á greiðslu kostnaðar við námskeiðið.

2. gr. Rétt til pátttöku í námskeiðinu hafa þeir einir, sem stunda endurskoðunarnám hjá löggiltum endurskoðanda og eru að búa sig undir endurskoðunarpróf.

3. gr. Námskeiðið skal standa í 7-8 mánuði alls, skiptast á tvö ár og skal kennt frá septemberþyrjun til áramóta hvort árið.

4. gr. Á námskeiðinu skal kenna þessar greinar:

1. Endurskoðun og skattaskil.
2. Reikningshald.
3. Lögfraði.
4. Þjódhagfræði.
5. Reksturshagfræði.
6. Viðskiptareikning og tölfraði.

Laga- og hagfræðideildin kveður nánar á um námsefni og námstilhögun á námskeiðinu, að fengnum tillögum Félags löggilttra endurskoðenda og prófnefndar við endurskoðunarpróf og í samræmi við ákvæði þeirrar reglugerðar um nefnt próf, sem í gildi er á hverjum tima. Deildin ræður og kennara til þess að annast kennsluna, að fengnum tillögum sömu aðila og að framan getur.

5. gr. Að lokinni yfirferð yfir námsefni í hverri þeirra greina, sem kenndar eru, skal kennarinn halda próf í greininni, munnlegt, skriflegt eða hvort tveggja. Skal hin stjórnskipaða prófnefnd við endurskoðunarpróf dæma profið sem hluta af prófi löggilttra endurskoðenda.